

## Þriggja mánaða uppgjör Landsvirkjunar

### Viðsnúningur á rekstrarumhverfi

#### Helstu atriði árshlutareiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 50,1 milljón USD (6,3 ma.kr.), en var 46,0 milljónir USD á sama tímabili árið áður og hækkar því um 9%.<sup>1</sup>
- Hagnaður tímabilsins var 31,0 milljón USD (3,9 ma.kr.) en var 33,1 milljón USD á sama tímabili árið áður.
- Rekstrartekjur námu 130,7 milljónum USD (16,5 ma.kr.) og hækka um 4,5 milljónir USD (3,6%) frá sama tímabili árið áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 67,7 milljónir USD (8,5 ma.kr.) frá áramótum og voru í marslok 1.608,1 milljón USD (202,6 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 85,4 milljónum USD (10,8 ma.kr.), sem er 13% hækkun frá sama tímabili árið áður.

#### Hörður Arnarson, forstjóri:

„Eftir krefjandi tímabil vegna COVID-19 faraldursins hefur rekstrarumhverfi fyrirtækisins batnað til muna á síðustu mánuðum. Viðskiptavinir okkar í málmiðnaði hafa á síðustu mánuðum aukið raforkunotkun sína og stefna flestir á að fullnýta samninga sína síðar á þessu ári. Þetta gerist samhliða því að spurn eftir málmum hefur tekið við sér og náð fyrri styrk. Álverð hefur þannig hækkað um u.þ.b. 60% frá lægsta verði í faraldrinum, en það var 2.100 dalir á tonn að meðaltali á fyrsta fjórðungi og er nú tæplega 2.500 dalir á tonn. Sala til gagnavera hefur einnig aukist á undanförunum mánuðum og stefnir í metsölu til þeirra á þessu ári.

Þetta gerist samhliða hækkunum raforkuverðs á evrópskum raforkumörkuðum. Meðalverð á Nord Pool var rúmlega 50 dalir á megavattstund á fyrsta ársfjórðungi, en til samanburðar var það á síðasta ári 13 dalir á megavattstund. Meðalraforkuverð Landsvirkjunar til stórnotenda hækkaði á sama tíma um 20% frá fyrra ári, var 27 dalir á megavattstund og hefur ekki verið hærra.


Þessar breyttu aðstæður birtast greinilega í afkomu fyrirtækisins á fyrsta fjórðungi. Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði, sem er sú stærð sem við lítum helst til við mat á rekstri fyrirtækisins, hækkaði um 9% frá sama tímabili árið áður. Þá tókst okkur að setja enn meiri kraft í að lækka skuldir, en nettó skuldir lækkuðu um tæplega 68 milljónir dala – 8,5 milljarða króna – frá áramótum.

Rekstur aflstöðva gekk vel á tímabilinu og áfram gengu ýmis verkefni vel, eins og nýsköpunarverkefnið Orkídea á Suðurlandi, Blámi á Vestfjörðum og Eimur á Norðurlandi.“

<sup>1</sup> Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 126


## Rekstur

### Þróun rekstrartekna




Rekstrartekjur námu 131 m. USD á fyrsta ársfjórðungi, sem er 4% hækkun miðað við sama tímabil árið áður. Sterkur viðsnúningur hefur orðið á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum, eftir mikla lækkun í kjölfar COVID veirufaraldursins sem skall á í fyrra. Þessi þróun hefur jákvæð áhrif á tekjur, þar sem sumir samningar eru tengdir verðum á þessum mörkuðum.

### EBITDA og EBITDA hlutfall




Rekstrar- og viðhaldskostnaður er sambærilegur á milli ára og nam rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, 98 m. USD á fyrsta ársfjórðungi sem er 4 m. USD hærra en á sama tímabili árið áður.

## Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til við mat á grunnrekstri fyrirtækisins. Hagnaðurinn nam 50 m. USD á fyrsta ársfjórðungi, sem er 9% hækkun miðað við sama tímabil árið áður.


## Áhrifapættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði F1 2021




## Nettó skuldir lækka enn

Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 85 m. USD á árinu, sem er 10 m. USD hærra en á sama tímabili árið áður. Nettó skuldir (vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé fyrirtækisins) lækkuðu um 68 m. USD frá áramótum. Eiginfjárhlutfall hefur þróast í takt við niðurgreiðslu lána og er nú 51,3%.

## Nettó skuldir og eiginfjárhlutfall



Handbært fé nam 152 m. USD í lok fyrsta fjórðungs, sem er um 60 m. USD hækkun frá árslokum 2020.



## Horfur í rekstri

Eins og sést á afkomu tímabilsins hafði COVID-19 faraldurinn ekki jafn mikil neikvæð áhrif á rekstur Landsvirkjunar á ársfjórðungnum og árið 2020. Fyrirtækið hélt áfram þátttöku sinni í verkefnum sem kynnt voru vorið 2020 og tengdust viðspyrnu í atvinnu- og efnahagsmálum vegna faraldursins og einnig rannsókn- og þróunarverkefnum á Suðurlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi, í samstarfi við hagaðila í nærsamfélaginu. Landsvirkjun mun halda áfram að leggja áherslu á loftslagsmál og sjálfbæra þróun samhliða því að tryggja örugga orkuvinnslu.

Reykjavík, 18. maí 2021  
 Nánari upplýsingar veitir:  
 Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs  
 s. 515 9000

## Um árshlutareikninginn

Árshlutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadölum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

## Helstu stærðir árshlutareiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	2021	2020	2019	2018	2017
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	135.826	124.886	131.388	142.810	119.465
Innleystar áhættuvarnir .....	( 5.118)	1.276	1.769	( 1.648)	( 653)
<b>Rekstrartekjur samtals</b> .....	130.708	126.162	133.157	141.162	118.812
Rekstrar- og viðhaldskostnaður .....	( 32.882)	( 32.111)	( 30.706)	( 35.893)	( 30.544)
<b>EBITDA</b> .....	97.826	94.051	102.451	105.269	88.268
Afskriftir og virðisrýmun .....	( 34.128)	( 31.955)	( 33.696)	( 30.623)	( 29.180)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b> .....	63.698	62.096	68.755	74.646	59.088
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 13.558)	( 16.114)	( 18.292)	( 18.720)	( 15.307)
<b>Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði</b> .....	50.140	45.982	50.463	55.926	43.781
<b>Óinnleystir fjármagnsliðir:</b>					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða .....	3.124	( 23.792)	6.842	( 39.556)	42.555
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða .....	( 12.087)	5.902	( 5.002)	16.879	( 8.110)
Óinnleystur gjaldeyrismunur .....	5.224	19.916	9.366	( 18.856)	( 3.568)
	( 3.739)	2.026	11.206	( 41.533)	30.877
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....	46.401	48.008	61.669	14.393	74.658
Tekjuskattur .....	( 15.448)	( 14.940)	( 20.508)	( 5.328)	( 25.277)
<b>Hagnaður</b> .....	30.953	33.068	41.161	9.065	49.381
<b>Efnahagur</b>	<b>31.3.2021</b>	<b>31.3.2020</b>	<b>31.3.2019</b>	<b>31.3.2018</b>	<b>31.3.2017</b>
Eignir samtals .....	4.409.554	4.341.997	4.440.665	4.712.186	4.472.638
Eigið fé samtals .....	2.260.227	2.260.836	2.200.167	2.072.166	2.017.992
Skuldir samtals .....	2.149.327	2.081.161	2.240.498	2.640.020	2.454.646
Nettó skuldir .....	1.608.064	1.637.277	1.801.882	2.038.072	1.965.833
<b>Lykiltölur</b>					
Handbært fé frá rekstri .....	85.443	75.412	83.989	81.142	66.285
Fjárfestingar .....	( 25.385)	( 19.272)	( 17.832)	( 42.582)	( 67.732)
Fjármögnun .....	( 552)	( 66.471)	( 54.022)	160.679	95.757
Lausafé alls .....	311.801	276.792	474.338	716.710	713.601
Eiginfjárhlutfall .....	51,3%	52,1%	49,5%	44,0%	45,1%
Arðsemi eiginfjár .....	3,4%	4,9%	7,4%	3,4%	5,9%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld) .....	5,93x	5,58x	4,75x	5,55x	5,26x
Nettó skuldir / EBITDA .....	4,87x	4,42x	4,66x	5,62x	6,39x

## Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.